

Reykjavík, 13. desember 2016

Til samninganefnda KÍ og ríkisins

Niðurstaða Verkefnisstjórnar um vinnumat framhaldsskólakennara

Samningsaðilar beindu til Verkefnisstjórnar um vinnumat í framhaldsskólum útfærslu á 1,65% launabreytingu á grundvelli 2. greinar niðurstöðu forsendunefndar frá 31. október s.l. samanber samkomulagi um viðræðuáætlun sama dag.

## 2. grein

### *Sérstakt ráðrúm til breytinga á vinnumati*

*Sérstök viðbót til breytinga stofnanasamninga 1,65% skv. úrskurði gerðardóms í máli 18 BHM félaga varðandi menntunaráherslur í úrskurðinum verði nýtt til frekari útfærslu á vinnumati efir samkomulagi aðila í millum. Niðurstaða þeirra útfærslu skal liggja fyrir eigi síðar en 16. desember 2016 og taka gildi 1. janúar 2017.*

Verkefnisstjórnin hefur fjallað um breytingar til lagfæringar á vinnumatinu í ljósi reynslu síðasta skólaárs og komist að eftirfarandi tillögum um breytingar. Kostnaður vegna þeirra er talinn rúmast inna umrædds svigrúms.

1. Skilgreining á stigum verði breytt á þann hátt að einungis verði eitt stig fyrir alla áfanga í samræmi við fyrra efra stig.
2. Endurteknir áfangar verði metnir með þeim hætti að annar námshópur í áfanga og sá þriðji taki 8% skerðingu í stað 10%. Fjórdi námshópur taki ekki skerðingu en fimmti og sjötti taki sömu skerðingu og annar og þriðji og svo framvegis.
3. Í jarðfræði verði viðmiðunarnemendafjöldi 22 í stað 25 og sýnidæmi fyrir raungreinar gildi um jarðfræði.
4. Í stærðfræðiáföngum bætist við 3 tímar óháð nemendafjölda af sama tagi og gilda um aðra bóklega áfanga.

Hjálagt eru sýnidæmi til skýringa sem byggjast á ofantöldum breytingum.

Reykjavík, 13. desember 2016.

Verkefnisstjórn um vinnumat framhaldsskólakennara

